



Stefnt að opnun í byrjun sumars

Góður gangur er í miðbæjarverkefninu á Selfossi. Jáverksmenn vinna af fullum krafti bæði innanhúss og utan. Samkvæmt upplýsingum blaðsins er stefnt að því að opna miðbæinn fyrir gestum í byrjun sumars. Íbúar og aðrir gestir geta brátt farið að láta sig hlakka til að spóka sig um í nýjum miðbæ. Mynd: -gpp

Umhverfisstofnun vill aðstöðu fyrir landverði í Svartárbotnum

Umhverfisstofnun hefur óskað eftir því við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að fá að nýta byggingarreit við Svartárbotna til að byggja aðstöðuhús fyrir landverði, en á staðnum vantar góða og varanlega aðstöðu fyrir landverði.

Á síðasta ári tók gildi nýtt deiliskipulag við Svartárbotna. Þar eru nú skipulagðir tveir byggingarreitir. Á öðrum byggingarreitnum er Gíslaskáli en á hinum er engin bygging eins og sakir standa. Samkvæmt upplýsingum blaðsins hefur sveitarstjórn tekið vel í erindið og hafa fulltrúar Bláskógabyggðar

og Umhverfisstofnunar fundað og farið yfir málið. Umhverfisstofnun sinnir friðlýstum svæðum á hálendinu, meðal annars á Hveravöllum og í Kerlingarfjöllum með landvörslu.

„Mér finnst þetta erindi Umhverfisstofnunar áhugavert, það hefur verið markmið sveitarstjórnar Bláskógabyggðar í gegnum tíðina að huga vel að hálendinu, hvort sem það tengist umhverfisvernd eða uppbyggingu á aðstöðu sem fellur vel að umhverfinu. Svartárbotnar eru vel staðsettir til að getað þjónustað hálendið



á þessu svæði. Þess má geta að rafmagn er komið í Svartárbotna og þá er einnig gott neysluvatn á svæðinu en borað var eftir

vatni fyrir nokkrum árum, það ætti því að fara vel um landverði Umhverfisstofnunar í aðstöðuhúsinu ef af þessari

framkvæmd verður,“ segir Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar í samtali við blaðið. -gpp

Fáðu fagmann í verkið

20 ára
2000-2020



PÍPULAGNIR
HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is

ÍSLÆNSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA



Dagur hf. auglýsa eftir starfsfólki við ræstingar á eftirfarandi stöðum:

Hvolsvöllur - 50% starf

Hella - 50% starf

Hveragerði - 30-100% starf

Selfoss/Hveragerði - 50-100% starf

Áhugasamir verða að hafa hreint sakavottorð, tala íslensku og/eða ensku, vera sjálfstæðir, góðir í mannlegum samskiptum, snyrtilegir, kurteisir og stundvísir.

Áhugasamir sendi inn umsókn á netfangið kristrun@dagur.is

Umsóknarfrestur er til og með 26. janúar 2021.



Skólaritari og launafulltrúi

Tónlistarskóli Árnésinga óskar eftir að ráða til starfa ritara, í 60% starf frá 1. mars 2021.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Almenn skrifstofustörf og símsvörun á skrifstofu skólans.
- Umsjón með nemendaskrá (School Archive),
- Umsjón með reikningum og bókhaldi.
- Skólaritari er jafnframt launa- og persónuverndarfulltrúi,
- Hefur umsjón með frágangi skjala m.t.t. laga um persónuvernd og skjalavörslu.

Hæfnikröfur

- Auk stúdentsprófs er bókhaldsnám eða bókhaldsþekking æskileg.
- Góð íslenskukunnátta og góð almenn tölvukunnátta.
- Reynsla af launaforritinu H-laun er kostur.
- Lipurð í mannlegum samskiptum, samviskusemi og frumkvæði.

Með umsókn fylgi upplýsingar um menntun og starfsreynslu.

Skólaritari starfar í húsnæði tónlistarskólans Eyraey 9, Selfossi. Fastur starfstími skólaritara er kl. 13:00 – 17:00 + fjórir morgnarnar í mánuði kl. 8:00 - 12:00 (eða eftir samkomulagi). Kjör eru samkvæmt kjarasamningi FOSS.

Upplýsingar fást hjá skólastjóra í síma 861 9687 eða aðstoðarskólustjóra í síma 864 1235. Umsóknarfrestur er til 1. febrúar 2021. Senda má fyrirspurnir og umsóknir í tölvupósti til helga@tonar.is eða joi@tonar.is.

Tónlistarskóli Árnésinga er einn af stærstu tónlistarskólum landsins með starfsemi á 12 kennslustöðum í sýslunni. Fjöldi nemenda er um 575 og starfa 37 kennarar við skólann. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans, www.tonar.is.



Örn Grétarsson, ásamt eigendum Prentmets Odda, Ingibjörgu Steinunni Ingjaldsdóttur og Guðmundi Ragnari Guðmundssyni, og syni þeirra, árið 2006.



Ingibjörg og Guðmundur þakka Erni fyrir samstarfið.

Í prentinu í fimmtíu ár

Það er komið að tímamótum hjá Erni Grétarssyni, prentsmiðjustjóra hjá Prentmeti Odda á Suðurlandi, en hann lét af störfum hjá fyrirtækinu nú um áramót. Örn hefur verið viðloðandi fyrirtækið, sem áður hét Prentsmiðja Suðurlands allt frá því í árslok 1970 eða í rúm 50 ár. Á þessum tíma var hann í forsvari í fyrirtækinu í um 33 ár. Af því tilefni settumst við niður og ræddum við Örn um starfið og breytingarnar sem hafa átt sér stað í faginu. Óhætt er að segja að fagið hafi breyst gríðarlega í gegnum tíðina.

Prentari og trésmiður

Við byrjum á byrjuninni og spyrjum hvers vegna hann valdi prentið umfram annað. „Þetta er ágætis spurning“, segir Örn og hlær. „Þetta festist við mig meira á sínum tíma. Ég byrjaði að læra prentið í árslok 1970. Þá kom ég hér í prentsmiðjuna sem þá hét Prentsmiðja Suðurlands sem nemi. Ég vann í prentinu í um eitt ár eftir að ég lærði iðnina og tók sveinsprófið. Á þeim tíma kynntist Örn konu sinni, Sesselju Sigurðardóttur, sem komin er af mikilli smíðaaætt, sem varð til þess að hann söðlaði um og lærði að auki til húsasmiðs. „Ég fór í smíðanámið nánast strax eftir prentnámið. Ég hafði verið svo forsjáll, sem ég skil nú eiginlega ekkert í, að hafa tekið grunnteikningu meðfram prentinu. Það hjálpaði að vera búinn með dálítið af smíðanáminu og gat þá tekið mikið utan skóla. Við smíðina vann ég í átta ár, eða allt þar til að ég kom aftur í prentið. Mér bauðst vinna hér við Prentsmiðju Suðurland í kringum 1985. Í árslok 1986 er farið að ámalga það við mig og nokkra úr fjölskyldu minni að kaupa prentsmiðjuna, eða meirihluta í henni. Það er frá því gengið í mars 1987 og síðan hef ég verið í faginu. Um 2006 seljum við svo Prentsmiðju Suðurlands til Prentmets. Þá ætlaði ég að snúa mér að öðru. Það fór þó svo að Guðmundur Ragnar og Ingibjörg Steinunn eigendur Prentmets Odda báðu mig um að halda áfram, svo hér hóf ég og lauk mínum starfsferli.“

Þróunin á faginu gríðarleg

Við ræðum um stund þær breyt-

ingar sem átt hafa sér stað á iðngreininni. Þegar Örn er að hefja sitt nám hafði lítið breyst frá því að Gutenberg, sem er faðir prentlistarinnar, notaði lausaletur við uppsetningu á bókum. „Breytingarnar hafa verið með hreinum ólíkindum. Þau vinnubrögð sem við viðhöfðum, sérstaklega í setningunni, voru nánast þau sömu og hjá Gutenberg. Það var notað lausaletur í upphafi en prentið var komið lengra. Svo byrjar þróunin í offsetprentuninni þar sem lausaletrið vikur fyrir filmum og prentplötum. Í dag er þetta nánast þannig að það er send skipun inn í vél og verkið kemur tilbúið út. Mannshöndin er ekki jafn nálægt þessu og var áður. Þetta er byltingarkennt þegar maður hugsar út í það þegar verið var að bera blaðsíðurnar í héraðsblöðin sem prentuð voru, þá var það alveg fyrir einn mann að halda á einni síðu í prentvélina.“ Þá ræðum við um hvernig framleiðslutíminn hefur styst og berum saman að það sem er einfalt verkefni í dag og sé jafnvel afgreitt á meðan menn bíða hafi verið nærri þriggja vikna ferli áður. „Ef það var t.d. verkefni með ljósmynd í lit gat verkið tekið allt að þremur vikum frá pöntun þar til það var afhent. Í dag er hægt að leggja niður símtólið og viðskiptavinurinn kemur samdægurs að sækja pöntunina.“

Dagskráin skipar sérstakan sess

Það er ekki hægt að komast hjá því að ræða við Örn um Dagskrána, en hann hefur komið að blaðinu með einum eða öðrum hætti nærri allan feril blaðsins. Bæði við ritstjórn, efnisöflun, fréttagerð, prentun og auglýsingasölu svo eitthvað sé nefnt. Það er á Erni að heyra að blaðið eigi taugar í honum. „Maður er búinn að koma að blaðinu ansi lengi. Þar liggja ómetanlegar heimildir sem eru geymdar en ekki gleymdar um líðandi stund hverju sinni. Það er banki sem hægt verður að fletta upp í um sögu byggðarlaganna hér sunnanlands allt frá Selvogi að Lómagnúpi. Það er 54. árgangur blaðsins þetta árið og ég hef komið að blaðinu nærri 40 ár af því. Ég er dálítið forn og gamaldags en áhersla mín hefur alltaf

verið á að halda til haga sögunni og verið svolítið upp á þann kantinn að glata ekki hlutunum. Þarna er gríðarleg heimild sem liggur og hægt er að skoða.“

Bækurnar gefandi verkefni

Þegar Örn er spurður hvað stendur sérstaklega upp úr á ferlinum er hann fljótur til svars: „Viðkynni við allt það fólk sem ég hef kynnst gegnum tíðina. Af verkefnum hefur það verið að prenta bækur og blöð, en það hefur gefið manni mikið, bæði kynnin við höfunda og félög og félagasamtök, sem hafa staðið að útgáfu bóka og blaða. Þetta er mér mjög gefandi og náttúrulega það sem stendur eftir og er til áfram.“

Hjálpað mikið að fá að gíra sig niður

Ef það er eitthvað sem maður er fljótur að sjá með Örn við fyrstu kynni er að honum falla sjaldan eða aldrei verk úr hendi. Við spyrjum hvernig það er að vera hættur. „Það leggst bara vel í mig. Ég hefði ekki viljað hætta með þeim hætti að vera í fullri vinnu í dag og svo ekkert á morgun. Það hefur hjálpað alveg ótrúlega mikið að fá að gíra sig svona niður. Það ber að þakka fyrir að hafa getað notað síðustu tvö ár til að minnka starfshlutfallið hjá mér. Eftir áfallið fór ég svo að hugsa hlutina upp á nýtt og vildi, ef maður ætti eitthvað eftir, að fá að njóta þess fyrir sig og fjölskylduna án þess að hafa áhyggjur af öðru. Eg vona svo að ég eigi eftir að njóta þess svo lengi sem bensín verður á tanknum og druslan dregur.“

Aðspurður um hvað tekur við segist Örn alla tíð haft mikið fyrir stafni. Hann eigi sér ýmis áhugamál, þau hjónin hafi afdrepp í sveitinni sem þeim þykir gaman að snúast í kringum ásamt því að eiga börn og barnabörn sem alltaf er gaman að vera með. Við þökkum Erni fyrir spjallið og óskum honum vel farnaðar í framtíðinni. Eigendur Prentmets Odda þakka Erni fyrir frábært samstarf. Hann hefur staðið sig gríðarlega vel sem prentsmiðjustjóri á Suðurlandi. Megi komandi tímar verða honum og fjölskyldu hans farsælir.

-gpp

SAMVINNA Á SUÐURLANDI

Ritverkið Samvinna á Suðurlandi eftir Guðjón Friðriksson sagnfræðing er komið út. Verkið spannar afar vítt sögusvið, allt frá upphafi félagshyggju í bændasamfélaginu til okkar daga og er verkið í reynd héraðssaga Suðurlands í nútímanum eða frá 19. öld. Sögd er saga allra samvinnufélaga í Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Vestur-Skaftafellssýslu og Vestmannaeyjum, ekki aðeins kaupfélaga, pöntunarfélaga og útgerðarsamvinnufélaga með þeirri fjölbreyttu starfsemi sem heyrði undir þau, heldur einnig rjómbúa, áveitufélaga, mjólkurbúa og sláturfélaga. Jafnframt er þróun samgangna gerð ítarleg skil, enda nátengd efninu og í ritinu er mikil persónusaga.

Bókverk þetta kemur út á 90 ára afmæli Kaupfélags Árnesinga. Verkið er í fjórum bindum og er það ríkulega myndskreytt.

Félagsfólki býðst að kaupa verkið á 20.000 kr. Vinsamlega hafið samband með því að senda tölvupóst á ka@kaupfelagarnesinga.is eða í síma 480 3340.



ISKRAFT

Ískraft óskar eftir að ráða öflugan sölu ráðgjafa á Selfoss

Um er að ræða fjölbreytt verkefni í skemmtilegu starfsumhverfi þar sem reynir á frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og gott skipulag. Lögð er rík áhersla á jákvæð samskipti og samvinnu ásamt því að viðkomandi falli vel að góðri liðsheild fyrirtækisins. Eftirsóknarvert er að fá til liðs við okkur þá sem eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum við að veita framúrskarandi þjónustu til okkar viðskiptavina og hafa jákvætt hugarfar.

» Starfssvið:

- Almenn sölustörf á rafmagnsvörum
- Tilboðsgerð
- Ráðgjöf til viðskiptavina
- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum

» Hæfniskröfur:

- Iðnmenntun á rafmagnssviði æskileg
- Reynsla í rafvirkjun eða úr sambærilegu starfi
- Færni í mannlegum samskiptum og þjónustulípurð
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta æskileg



Sótt er um á ráðningarvef okkar á www.iskraft.is/um-okkur/iskraft/laus-storf/. Nánari upplýsingar um starfið gefur Friðrik Jósafatsson sölustjóri Ískraft, fridrikj@iskraft.is og Brynjar Stefánsson, framkvæmdastjóri Ískraft, brynjar@iskraft.is. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Hvetjum alla áhugasama til að sækja um óháð kyni. Umsóknarfrestur til 24. janúar 2021.



ISKRAFT

Ískraft er rafíðnaðarheildisala og leiðandi á því sviði á íslenskum markaði. Fyrirtækið hefur starfað síðan 1975. Ískraft rekur 4 starfsstöðvar, í Kópavogi, Akureyri, Selfossi og Reykjanesbæ.

Skólabílstjórar hætta störfum eftir næstum 70 ár samtals í skólaakstri

Í desember síðastliðnum létu þeir Ásmundur Þórisson og Árni Ólafur Guðjónsson af störfum sem skólabílstjórar í Hvolsskóla eftir næstum 70 ár samtals í skólaakstri. Óli í Tungu hefur verið skólabílstjóri í 48,5 ár og Ási í 21 ár. Báðir hafa sinnt sínu starfi með sóma og af miklu öryggi og hafa fengið kærar þakkir frá foreldrum og nendum við þessi tímamót. Þær Lilja Einarsdóttir, sveitarstjóri og Birna Sigurðardóttir, skólastjóri, kvöddu þá félagar fyrir hönd Rangárþings eystra og Hvolsskóla með því að færa þeim blóm og bók. Óli fékk bókina *Íslensku fuglarnir og þjóðtrúin* og Ása var færð bókina *Við Örafahjörðin, saga hreindyra á Íslandi*. Magnús Guðmundsson, Efra-Hvoli, tekur við akstursleið Ása en Óli verður áfram verktaki með sína akstursleið þó annar taki við akstrinum.



Ásmundur Þórisson.

Árni Ólafur Guðjónsson.



Matgæðingur vikunnar er
Ársæll Hauksson.

Ég vil byrja á því að þakka Sigurbjörgu Fríðu fyrir áskorunina.

Mig langar að deila með ykkur uppskrift að góðri kjötsúpu sem klikkar ekki. Og er einföld og góð. Það er fátt betra á köldum og dimmum vetrardögum en heit og góð kjötsúpa.

Ekta íslensk kjötsúpa

700 – 800 gr. lambasúpukjöt
3 ltr. vatn
4 grænmetisteningar
lambakraftur
2 laukar
200 gr. gulrætur,
skornar í litla bita
2 meðalstórar rófur, flysjaðar
og skornar í litla bita
½ hvítkálshöfuð,
skorið í litla bita
5 msk. súpujurtir
400 gr. kartöflur
Bygg og hrísgrjón eftir smekk.
Persónulega finnst mér að súpan eigi að vera þykk.
Salt og pipar,
magn eftir smekk

Aðferð

Setjið kjötið í pott og hellið köldu vatni yfir. Hitið rólega að suðu og fleytið froðu ofan af. Endurtakið nokkrum sinnum til að losna við sem mest af froðunni. Skerið grænmetið í litla bita og bætið út í, kryddið til með salti og pipar. Leyfið súpunni að malla undir loki í lágmark 30 mínútur. Bætið grænmetisteningum, súpujurtum, höfrum og hrísgrjónum saman við og leyfið súpunni að malla í 30 mínútur til viðbótar. Það er mjög mikilvægt að smakka súpuna á þessum tímapunkti. Kjötsúpan er ekki síðri daginn eftir.

Verði ykkur að góðu.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Ég skora á Finnboga Ómarsson að koma með einhverjar ómótstæðilegar uppskriftir í næsta blaði.

Engin matvöruverslun á Klaustri

Það er langur vegur í næstu matvöruverslun fyrir íbúa Skaftárhrepps eftir að verslunin Kjarval lokaði dyrum sínum í sveitarfélaginu nú um áramót. „Hjá okkur í Skaftárhreppi er stærsta áskorun nýs árs að finna leið til þess að opna aftur matvöruverslun á Klaustri,“ segir í tilkynningu frá sveitarfélaginu. Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga tekur undir þessar áhyggjur en lokunin hefur umtalsverð neikvæð áhrif á byggðapróun í Skaftárhreppi og rýrir samkeppnishæfi sveitarfélagsins sem ákjósanlegs búsetukosts til framtíðar. „Í ljósi þess að þúsundir manna fara um Skaftárhrepp á hverjum degi í eðlilegu árferði hlýtur staðsetning fyrir verslun á

Kirkjubæjarklaustri að teljast fýsilegur kostur,“ segir í fundargerð stjórnar SASS. Þá er áréttuð nauðsyn þess að í sveitarfélaginu sé rekin dagvöruverslun.

Afar bagalegt og allra leiða leitað

Í samtali við Evu Björk Harðardóttur oddvita Skaftárhrepps kemur fram að ástandið sé afar bagalegt fyrir íbúa sveitarfélagsins. „Það er ótækt að vera ekki með verslun í sveitarfélaginu. Ekki bara fyrir íbúa þess, en í venjulega árferði er gríðarleg umferð í gegnum svæðið.“ Eva Björk sagði jafnframt að verið væri að leita allra leiða til þess að fá verslun í sveitarfélagið sem fyrst. „Við erum að vinna í þessu máli og skoða alla hugsan-

lega rekstraraðila að verslunum. „Það verður verslun í sveitarfélaginu, það er ljóst,“ segir Eva að lokum.

-gpp



Þakkarorð frá Sólvöllum á Eyrarbakka

Starfsmenn og skjólstæðingar Sólvallda, dvalaraheimili aldraðra á Eyrarbakka vilja koma á framfæri þakklæti til allra sem stutt hafa okkur á erfiðum tíma sem að baki er. Við höfum fengið margar góðar gjafir frá ýmsum fyrirtækjum á svæðinu. Má þar nefna hægindastól sem Járnlakarlíni í Þorlákshöfn gaf okkur, einnig gaf björgunardeildin á svæðinu okkur tvo stóla, ónefndur velunnari okkar gaf okkur einn stól og svo söfnuð heimilismenn fyrir einum stól. Okkur voru einnig færðar tvær spjaldtölvur frá Lions á Selfossi. Domino's gaf okkur pizzuveislu í vor og gerðum við henni góð skil eftir fyrstu bylgju faraldurs í landinu.

Árvirkinn gaf okkur ísskáp og örbylgjuofn þegar við urðum að skipta húsinu í hól, þannig

gátum við haldið drykkjum og öðru köldu, nú eða heitu eftir þörfum. Ölgerðin færði okkur bretti af orkudrykkjum og gosi, ásamt vatni frá Icelandic Glacier í miklu magni. Einnig fengum við rafkött að gjöf frá Hvítasunnukirkjunni á Selfossi, sem hefur fallið í góðan jarðveg bæði hjá heimilismönnum og ekki síður starfsmönnum.

Sena hafði sambandi við okkur núna í desember og bauð okkur upp á jólatónleika Björgvins okkur að jónatónarlausu.

Við höfum mætt góðmennsku og skilningi, fundið væntumþykju og lesið falleg orð í okkar garð að undanfögnu og erum við þakklát fyrir það.

Kær kveðja, starfsmenn Dvalarheimilisins Sólvallda á Eyrarbakka.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss,
sími 482 1944, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673,
gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir,
sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is.
Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegis á mánudögum. Upplag: 8700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnaðgátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókauktgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Okkar heims ég heiti ber.
Í hálsi nauta og sauða er ég.
Með kaffi borin oft ég er.
Ótal hringi um gólfið fer ég.

Svar við gátu í blaði 2579: VARP.

1. lína: Skóvarp - 2. lína: Út/Sjónvarp
3. lína: Kúluvarp - 4. lína: Fugla/Æðarvarp

30%

JOTUN

Jotun vegg- og loftmálning
Hentar bæði á loft og vegg. **7119784**

7.995 kr
~~11.435 kr~~

60%

damixa™

Handlaugartæki
Fern, með smellitappa. **8000155**

5.995 kr
~~14.990 kr~~

NEO

Topplyklasett, 23 stk., 1/2"
90 tanna skrall, toppar.
8-32 mm, framlengingar
75-100-150 mm.
5052521

7.995 kr
~~13.435 kr~~

41%

20%

Electrolux

Ryksuga
Fyrir parket.
1805300

17.590 kr
~~21.990 kr~~

Sjáðu verðið!

Frigor

Frystikista TM300
Frystikista 248 ltr., orkunýting B,
stærð: 1020x600x850 mm, þyngd 53 kg,
frystigeta 18 kg, 24 klst. **1805487**

69.990 kr
~~82.465 kr~~

25%

Nilfisk

Háþrýstidæla
125 bór, 1.5kw, 460 ltr./klst., 6 m.
5254205

29.620 kr
~~39.495 kr~~

GROHE

Eldhústæki
Króm, GROHE SilkMove.
7910801

11.125 kr
~~15.695 kr~~

30%

33%

BLACK+DECKER

Borvél 12V + 100 fylgihlutir
Rafhlaða 1.5Ah - Lion, 2 stk.
Hersla 25Nm. **5245566**

14.495 kr
~~21.455 kr~~

Sértilboð
Gildir á meðan útsölu stendur

AEG

Þvottavél AEG 8 kg, 1400 sn.
Þvottavél með kolalausum mótör. Prosense tæknin
vigtar sjálfkrafa þyngd þvottar, velur ákjósanlegan
þvottatíma. Styttir þannig bæði tíma, vatn og orku.
1860502

79.990 kr
~~89.990 kr~~

25%

DOMO

Kaffivél
DOMA, 12 bolla.
1841178

5.990 kr
~~8.190 kr~~

blómaval

Túlípanar
10 stk.

1.990 kr
~~2.490 kr~~

HÚSASMÍÐJAN

**FYRIR
ÞIG**

100 síðna
útsölublað
á husa.is
Gildir einnig í vefverslun



ÚTSALA



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hermann Ágúst
Engjavegi 53, Selfossi**



lést á hjúkrunarheimilinu Fossheimum á Selfossi
sunnudaginn 3. janúar. Útförin fer fram frá
Selfosskirkju fimmtudaginn 14. janúar kl. 14:00.
Vegna fjöldatakmakana verður athöfninni
streymt á vef Selfosskirkju.

Guðmunda Auður Auðunsdóttir
Auðunn Hermannsson **Bergþóra Þorkelsdóttir**
Birna Gerður Hermannsdóttir **Björn Sigþórsson**
Hulda Soffía Hermannsdóttir **Gunnar Þór Jónsson**
Auður Ágústa Hermannsdóttir **Guðjón Sævarsson**
barnabörn og barnabarnabörn



ATVINNUAUGLÝSING

Starfsmaður við sorpmóttöku á gámastöðvum Bláskógabyggðar

Bláskógabyggð auglýsir eftir jákvæðum og dugandi einstaklingi á líflegan og skemmtilegan vinnustað þar sem lögð er áhersla á góða þjónustu.

Meginverkefni

- Starfsstöðvar eru þrjár: Laugarvatni, Reykholti og á Heiðarbæ við Þingvelli.
- Innheimta gjalda á gjaldskyldum úrgangi.
- Leiðbeiningar við notendur gámastöðvanna.

Hæfniskröfur

- Stundvísi og reglusemi og færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og góð yfirsýn.
- Nákvæmni og skilvirkni í starfi.

Frekari upplýsingar um starfið:

Umsóknir og fyrirspurnir skulu berast til sviðsstjóra á netfangið bjarni@blaskogabyggd.is eða á skrifstofu sveitarfélagsins í Aratungu, Reykholti, 806 Selfoss. Öllum umsóknum verður svarað. Starfshlutfall er 100%.

Starfið hentar einstaklingum óháð kyni.

Umsóknarfrestur er til og með 26. janúar 2021.

Praca na pełny etat

Poszukiwany pracownik, praca przy obsłudze wysypiska smieci w Bláskógabyggð.

Wiecej informacji dostepne u Bjarni Daníelsson tel 860 4440, bjarni@blaskogabyggd.is

Full time job

We are looking for employee to work on community waste station in Bláskógabyggð. Application deadline is January 26th 2021.

More info:

Bjarni Daníels. tel. 860 4440 or bjarni@blaskogabyggd.is

Ára

Gleðilegt ár kærur lesendur Hannyrðahornsins. Við þökkum frábærar viðtökur í gegnum árin og óskum ykkur gæfu og gleði með hverri lykkju á nýja árinu.

Það er við hæfi að birta hér uppskrift sem hentar sérstaklega vel sem fyrsta þrjónaverkefni, hlýtt og mjúkt vesti sem alltaf er gott að skella sér í. Stærðin er extra small, víddin er 80 sm, en það er auðvelt að stækka og minnka að vild í vídd og sídd.

Þrjónað er með tveimur garntegundum saman, SPUNA frá Ístex, dökkblátt, 3 dokkur og DOLCE mohairgarni frá Cewec, svarblátt, 2 dokkur. Þrjónar nr 9, 80 og 40 sm, eitt þrjónamerki og nál. Þrjónafesta 12 lykkjur = 10 sm (sem þýðir að fyrir hverja 10 sm sem auka þarf um vídd er bætt við 12 lykkjum).

Þegar þrjónað er fram og til baka er síðasta lykkjan alltaf þrjónuð slétt og fyrsta lykkjan alltaf tekin óþrjónuð eins og eigi að þrjóna brugðið og þá kemur slétt lykkja í kantinn.

Fitjið upp 96 lykkjur, tengið saman í hring og þrjónið brugðning 1 sl 1 og 1 br 1 til skiptis alls 10 umferðir. Þrjónið áfram slétt þrjón 35 umferðir. Setjið þrjónamerki eftir 48 lykkjur (vinstri hlið). Þrjónið að þrjónamerkinu og snúið við. Þrjónið slétt þrjón til baka að byrjun umferðar og síðan áfram slétt þrjón fram og til baka (garðapþrjón) þar til garðarnir á réttunni telja 16 og þið eruð við upphaf umferðar við hægri handveg. Þrjónið nú slétt þrjón 4 umferðir (slétt þrjón á réttunni og brugðið á röngunni). Slítið frá þannig að eftir verði 30 sm endi sem notaður verður til að sauma saman á öxl. Þrjónið framhlið eins og byrjið og endið við vinstri handveg.



Lykkið saman 11 lykkjur á öxlum. Það felst í því að þræða endann í nál og búa til umferð sem er eins og þrjónuð. Hægt er að finna góðar leiðbeiningar um það á youtube eða koma til okkar og fá stutta kennslu. Þrjónið nú kragann, 52 lykkjur slétt þrjón, í hring á stuttan hringþrjón, 15 umferðir. Til að fella af þarf 2,5 metra af garni og ef garnið er orðið tæpt má hætta fyrir.

Fellið laust af. Góð aðferð er að þrjóna 2 lykkjur og þrjóna síðan í gegnum þær. Þrjónið síðan 1 lykkju og þrjónið í gegnum 2 lykkjur af hægri þrjóni og þannig koll af kolli út umferðina. Slítið frá og takið endann í gegnum síðustu lykkjuna.

Gangið frá öllum endum. Njótið þess að klæðast fyrstu flíkinni sem þið þrjónið, það er mikill sigur.

Hönnun: Alda Sigurðardóttir



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Friðheimar fyrirmyndarfyrtæki Ábyrgrar ferðapjónustu

Á degi Ábyrgrar ferðapjónustu þann 7. janúar veitti forseti Íslands hr. Guðni Th. Jóhannesson hvatningarverðlaun Ábyrgrar ferðapjónustu. Verðlaunin að þessu sinni féllu í skaut Friðheimum í Reykholti.

Í rökstuðningi dómnefndar sagði meðal annars: „Friðheimar eru fjölskyldufyrirtæki sem hefur vaxið og dafnað í gegnum árin með það markmið að ganga vel um og virða náttúruna. Umhverfismál eru eigendur hugleikin, þau hafa verið í hvatningaverkefninu Ábyrg ferðapjónusta frá upphafi. Þá er fyrirtækið með bronsvottun Vakans og stefna þau ótrauð á gullið.“

Fyrirtækið leggur mikla áherslu á réttindi starfsfólks. Nýliðabjálfun og fræðsla er til fyrirmyndar enda er starfsfólk hjarta fyrirtækisins eins og þau segja sjálf. Á nýliðnu ári var lögð áhersla á að halda öllu starfsfólki og byggja upp sterka innviði fyrir bjartari tíma.

Á Friðheimum er lögð áhersla á stuðning við nærsamfélagið m.a. með því að versla í héraði auk þess sem allir gestir eru



upplýstir um ylrækt á Íslandi og þá merku sögu sem svæðið hefur að geyma. Fyrirtækið leggur áherslu á nýsköpun og tileinkar sér umhverfisvænar lausnir, má þar nefna aðferðir til að minnka matarsóun og lágmarka kolefnisspor. Friðheimar eru lifandi dæmi um hvernig íslenskt hugvit þar sem landsins gæði geta orðið til þess að skapa einstaka upplifun í ferðapjónustu. Upplifun sem tengir saman marga þætti og styður við þá hugsun að nýta landið á sjálfbærán hátt, fræða, skapa, upplifa og vinna saman að því að bæta umhverfi og samfélag.“

Dómnefnd vill jafnframt koma því á framfæri að tilnefningar að þessu sinni voru

mjög frambærilegar og vel rökstuddar. Það væri greinilegt að mörg fyrirtæki standa sig frábærlega, svo eftir því er tekið. Af þeim sökum var val dómnefndar alls ekki einfalt. Það var þó einróma niðurstaða dómnefndarinnar, þegar allir þættir voru teknir saman, að Friðheimar séu vel að þessum hvatningarverðlaunum komnir.

Uppbyggingin á Friðheimum getur verið okkur öllum innblástur um hvað hægt er að gera með íslenskt hugvit og íslenskt hráefni í höndunum og ábyrga ferðapjónustu að leiðarljósi.

Dómnefnd óskar Friðheimum innilega til hamingju með verðlaunin.

Skákiðkun leiðir saman krakka með ólíkan bakgrunn -Uppgangur á Suðurlandi

Fyrir nokkru málti ég fyrir tillögu minni til þingsályktunar um skákkennslu í grunnskólum. Tillagan er studd 14 þingmönnum úr fimm flokkum, en þar er lagt til að menntamálaráðherra verði falið að kanna hvort tilefni sé til þess að skákkennsla verði hluti af aðalnámskrá grunnskólanna.

Sterkar menningarlegar rætur

„Tafl em eg örr at efla, íþróttir kann eg niú“, þetta eru fleyg upphafsorð vísu sem Rögnvaldur jarl kali í Orkneyjum kvað. Skáklistin á sér sterkar rætur í íslensku þjóðlífi og bera Íslendingasögurnar þess glögglega merki. Talið er að skákin, eins og hún þekktist í dag, hafi borist hingað til lands síðla á 12. öld, en fram að þeim tíma hafi menn stundað hið forna hnefatafl, stundum ritað hnefatafl.


Þjóðaríþrótt

Íslendingar hafa löngum átt snjalla skákmenn, en um miðja 20. öld eignuðumst við skákmenn á heimsmælikvarða, fyrstan Friðrik Ólafsson stórmeistara sem var einn af þjóðhetjum hins unga lýðveldis. Skákiðkun hérlendis tók mikinn kipp þegar heimsméistarainvígíð var haldið hér á landi sumarið 1972 og þeir Bobby Fischer og Boris Spassky tókust á. Mikill áhugi er enn á þessum atburði nær hálfri öld síðar og fjöldi gesta leggur leið sína að grafreit heimsméistarans Bobby Fischers í Laugardælum og heimsækir Fischersafnið á Selfossi.

Margvísleg, jákvæð áhrif á nemendur

Fjöldi rannsókna er til um jákvæð áhrif skákiðkunar á nemendur. Í þeim kemur fram að skákkennsla hafi góð áhrif á námsgetu, einbeitingu, ímyndunarafli, sjónminni, forsjálmi, ákvarðanatöku, greiningu á úrlausnarefnum, óhlutbundna hugsun, áætlunargerð, fjölþættar lausnir, þrautseigju, félagsleg tengsl og samheldni. Þetta kom meðal annars fram í skýrslu nefndar sem menntamálaráðherra skipaði 2013 til að kanna kosti skákkennslu í grunnskólum. Við skákiðkun þarf að læra og fylgja ákveðnum leikreglum, nota ímyndunaraflið, bera saman mismunandi möguleika, beita rök-hugsun og móta áætlanir. Allt eru þetta eiginleikar sem mikilvægt er að nemendur þrói með sér.

Skák leiðir saman börn með ólíkan bakgrunn Um gildi skákiðkunar til að efla félagsleg tengsl og samheldni innan skóla segir í fyrrnefndri skýrslu: „Það sem vakið hefur hvað mesta eftirtekt í rannsóknum seinni tíma á áhrifum skáklistarinnar í skóla-starfi er hversu vel skákin hefur



reynst félagslega og þá sem samfélagslegt tæki innan veggja skólans.“ Þá segir að skákiðkun leiði saman ólíka hópa krakka með mismunandi bakgrunn sem að öðrum kosti leiða jafnan ekki saman hesta sína. Þannig stuðli skák í skólum að því að nemendur kynnist og eigi samskipti og þjappi saman ólíkum hópum nemenda sem að öðrum kosti hafa tilhneigingu til að einangrast hver frá öðrum.

Brúar bil

Í sænskum rannsóknum hafa kennarar nefnt hversu gott tæki skák væri til að byggja upp bekkjaranda og efla félagsfærni nemenda þar sem í skák séu allir jafnir óháð kyni, tungumálakunnáttu o.fl. Þá geti skákkennsla nýst nemendum sem eigi í erfiðleikum með að einbeita sér að hefðbundnu námi.

Staðan í Evrópu

Skák hefur verið innleidd í aðalnámskrá nokkurra ríkja og 15. mars 2012 samþykkti Evrópuþingið yfirlýsingu þess efnis að aðildarríki Evrópusambandsins skyldu innleiða skákkennslu í menntakerfi landanna. Í yfirlýsingunni kemur fram að skák sé aðgengilegur leikur fyrir börn óháð félagslegri stöðu sem geti aukið félagsfærni þeirra og dregið úr mismunun. Þá hafi skák góð áhrif á einbeitingu, þolinmæði, þrautseigju, sköpunargleði, innsæi, minni og rök-hugsun óháð aldri barna.

Uppgangur á Suðurlandi

Tillagan hefur hlotið jákvæðar undirtektir hjá mörgum um-sagnaraðilum og yfirvöld í Árborg tóku henni fagnandi, enda ríkir á Suðurlandi mikil og rík skákhéð. Skemmst er að minnast skákhátíðar haustið 2019 á Selfossi þar sem félagar í Skákfélagi Selfoss og nágrennis sönnuðu stórhug sinn með glæsilegu mótshaldi. Í tengslum við hátíðina stóð Skáksambandið fyrir kennaranámskeiði þar sem kennari var Jesper Hall, formaður kennslunefndar Evrópska skáksambandsins. Mikill uppgangur hefur verið í skáklífinu á Selfossi á undanförunum misserum. Keppir skákfélagið nú á meðal þeirra bestu í deildakeppni Skáksambands Íslands, sem er stærsta og fjölmennasta skákmótið á hverju ári. Mikil tækifæri eru tengd skák á Suðurlandi og upptaka skákkennslu í skólum mun án efa efla og styrkja við skáklíf á Suðurlandi.

Höfundur er þingmaður Miðflokksins í Suðurlkjördæmi

Úrslit í Snjall jólaratleik í Hveragerði gerð kunn

Snjall jólaratleikurinn sem fram fór í desembermánuði í Hveragerði gekk vonum framar. Alls voru það 60 lið sem kláruðu leikinn. Þátttakendur í hverju liði voru frá einum og upp í fimm. Þrjú efstu liðin hlutu svo að launum gjafabréf sem nýta má hjá þjónustuaðilum innan Hveragerðis.

Í fyrsta sæti voru þau Arna, Bjarni, Viktoría og Hrafninn í Dynskógum 8. Þau svöruðu öllum 15 spurningunum rétt og kláruðu leikinn á 25 mínútum og 27 sek. Innilega til hamingju og það bíður ykkar 10 þúsund kr. gjafabréf í móttöku Hveragerðisbæjar.

Í öðru sæti vor þau Gunnar og Kría í Snjallsveit, en þeirra bíður 7500 kr. gjafabréf. Í þriðja sæti var Hrefna Ósk, Kambahrauni 58, en hún fær 5000 kr. gjafabréf.



Orlofshús Bárunnar stéttarfélags um páska 2021

Báran, stéttarfélag auglýsir orlofshús félagsins laus til umsókna fyrir páskavíkuna 31. mars – 7. apríl 2021.

Umsóknarfrestur er frá 14. janúar til 15. febrúar nk. Hægt er að sækja um á orlofssíðu Bárunnar eða í síma þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna, 480 5000.

Úthlutun orlofshúsa mun liggja fyrir þann 17. febrúar nk.

Öllum umsóknum verður svarað.

Verð á vikuvöl í þverlág 2, 4 og 6 og

Grýluhrauni er 20.000 kr. Vikuvöl í orlofsíbúð

á Akureyri er 22.000 kr. (24 punktar).

Leigutímabil er frá miðvikudegi til miðvikudags. Íbúðin Söltúni 28, Rvk. verður í sveigjanlegri leigu eins og verið hefur hingað til.

BÁRAN, STÉTTARFÉLAG

Austurvegi 56, 800 Selfoss - Sími 480 5000 - baran@baran.is - www.baran.is

Laust starf í íþróttahúsi og Sundlaug

Sveitarfélagið Bláskógabyggð auglýsir laust starf við íþróttamannvirki á Laugarvatni

Um er að ræða kvöld- og helgarvaktir frá 25. janúar til 28. maí í 92% starfshlutfalli.

Verkefni starfsmanna felast m.a. í:

- Gæslu við sundlaug, baðvörslu og eftirliti með íþróttahúsi og þreksal.
- Afgreiðslu- þjónustu við gesti.
- Þrifum á mannvirkjum.

Hæfniskröfur:

- Hafi góða þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Við ráðningu, sitji námskeiði í skyndihjálp og standast sund- og þolpróf laugarvarða samkvæmt reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.
- Sýni frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Hafi hreint sakavottorð.
- Umsækjendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri.

Laun og starfskjör samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Frekari upplýsingar veitir Kristbjörg Guðmundsdóttir í síma 480 3041 eða á kristbjorg@blaskogabyggd.is



Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Það voru Ingi Rafn Ingibergsson (t.v.) starfsmaður knattspyrnudeildar Selfoss og Hafþór Oddur Jóhannesson frá Árvirkjanum sem afhentu Idu Sofíu sjónvarpið í verslun Árvirkjans. Ljósmynd: Umf. Selfoss

Fyrsti vinningur í jólahappdrætti 2020

KNATTSPYRNA Á aðventunni var dregið í jólahappdrætti unglíngaráðs knattspyrnudeildar Selfoss. Aðalvinningurinn, 65“

sjónvarp frá Árvirkjanum, kom á miða númer 2.139 sem er í eigu Tómasar Þóroddssonar og Idu Sofíu Grundberg.

Upplýsingar um vinningsnúmer má finna á vefsíðu Umf. Selfoss, www.selfoss.net.

Ísak Gústafsson framlengir

HANDBOLTI Ísak Gústafsson hefur framlengt samning sinn við Selfoss til tveggja ára. Þessi 17 ára örvhenta skytta er í hópi efnilegustu leikmanna Selfoss. Hann varð Íslandsmeistari með þriðja flokki tímabilið 2017-2018 og lék sínar fyrstu mínútur með meistaraflokki tímabilið 2018-19 þar sem Selfyssingar urðu einnig Íslandsmeistarar. Ísak hefur leikið með öllum yngri landsliðum og mun leika enn stærra hlutverk í meistaraflokki í náinni framtíð.

Við óskum Ísaki til hamingju með samninginn og hlökkum til að fá að fylgjast með honum vaxa innan vallar sem utan. -esó



Breki Baxter í Selfoss

KNATTSPYRNA Knattspyrnudeild Selfoss hefur samið við mjög efnilegan sóknarmann frá Hetti á Egilsstöðum, Þorlák Breka Baxter.

Þrátt fyrir að vera aðeins fimmtán ára gamall spilaði Breki fimmtán leiki fyrir Hött/Huginn í 3. deildinni síðasta sumar og skoraði í þeim fjögur mörk. Hann er nú á sextánda aldursári og stefnir á nám í Knattspyrnuakademíu Íslands á Selfossi næsta haust.

Breki var valinn besti ungi leikmaðurinn í 3. deildinni síðasta sumar. Hann hefur leikið tvo landsleiki fyrir U15 landslið Íslands, á UEFA móti í Póllandi í fyrrasumar.

Selfoss varð í 2. sæti 2. deildarinnar á síðasta tímabili og mun leika í Lengjudeildinni á komandi sumri.

Reynir Freyr semur við UMFS

KNATTSPYRNA Hinn 17 ára gamli Reynir Freyr Sveinsson skrifaði undir tveggja ára samning við knattspyrnudeild Selfoss í desember.

Reynir Freyr er fjölhæfur leikmaður sem getur leyst hinar ýmsu stöður á vellinum. Hann steig sín fyrstu skref með meistaraflokki Selfoss síðasta sumar og spilaði einn leik í 2. deildinni.

Hann er reyndar fjölhæfari en svo að hann geti leyst ýmsar stöður á knattspyrnuvellinum því hann var í leikmannahópi karlaliðs Selfoss í handbolta á síðustu leiktíð og hefur leikið fjölmarga unglíngalandsleiki í handboltanum.



Uppbókað í Laugavegshlaupið 2021

Fullbókað varð í Laugavegshlaupið á metttíma. Skráningu var lokað sama dag og hún opnaði, en mikið álag varð á síðunni þegar opnað var fyrir skráningu. Þegar hæst lét voru 1200 manns að reyna að skrá sig í hlaupið á sama tíma og berjast um plássin í hlaupinu.

„Ekki verður boðið upp á skráningu á biðlista. Fyrirkomu-

lagið er þannig að yfirbókað er í hlaupið því vitað er samkvæmt reynslu síðustu ára að hluti af skráðum þátttakendum þarf að hætta við og er gert ráð fyrir því bæði í verðinu og skipulaginu. Þeim sem ekki náðu að skrá sig í ár er bent á að Laugavegshlaupið 2022 fer fram laugardaginn 16. júlí og hefst skráning í janúar 2022.“



»DFS TV

DFS TV má finna inni á DFS.is, fréttavef Dagskrárinnar.

Þar má finna sjónvarpsviðtöl við áhugaverða sunnlendinga ásamt stuttum myndbrotum úr sunnlensku samfélagi.



Ölfus setur upp skilti við sveitarfélagamörk sín

Til stendur að setja upp veglegt skilti við sveitarfélagamörk Ölfuss og Kópavogs í vegkantinum nálægt Litlu kaffistofunni. Samkvæmt upplýsingum blaðsins verður merkið tilbúið í febrúar eða mars ef veður leyfir. Alls eru tíu milljónir áætlaðar í verkefnið. Elliði Vignisson bæjarstjóri Ölfuss segir hugmyndina bakvið merkið viðþekkt. „Flestir þekkja til að mynda myndarlega merkingu Reykjanesbæjar og Grindavíkur á sínum sveitarfélagamörkum. Um þessa leið fara hundruðir þúsunda farþega á hverju ári og eðlilegt að við minnum á tilveru okkar gagnvart þeim.



Með þessari framkvæmd viljum við minna á stærð og styrk okkar magnaða sveitarfélags og ramma náttúrugæði og einstakt mannlíf dálítið meira inn en gert hefur verið.“

Faraldurinn minnir á sig – förum varlega

Faraldurinn er hreint ekki lokið og mikilvægt að slaka ekki á persónulegum sóttvörnum. Í Hveragerði fóru alls 73 nemendur og 7 starfsmenn í sóttkví í síðustu viku úr Grunnskólanum í Hveragerði. Sævar Þór Helgason, skólastjóri segir í samtali við RÚV að það sé leiðinlegt að vera nýbúin að

taka niður grímur og færa skólastarfið í eðlilegt horf að lenda í þessu.

Passa persónulegar sóttvarnir þrátt fyrir færri smit

Margir voru vafalaust farnir að anda léttar þar sem fá smit hafa greinst undanfarið, en veiran liggur enn í samfélaginu og

því hætta á smiti enn til staðar. Þegar þetta er ritað eru alls 10 sem eru í einangrun með covid-19 en 109 í sóttkví. Eins og þríeykið hefur sífellt bent á er mikilvægt að slaka hvergi á persónubundnum sóttvörnum þrátt fyrir að vel gangi. Lítið þurfi út af að bregða til þess að veiran komist á flug.

Hlutfallsleg aukning íbúa mest á Suðurlandi

Á landsvísi varð hlutfallsleg aukning íbúa mest á Suðurlandi eða 1,8% eða 570 íbúar. Alls fluttust 402 í Árborg á tímabilinu, 96 í Sveitarfélagið Ölfus og 80 í Hveragerði. Í Rangárþingi ytra bættust við 55 og alls 41 í Mýrdalshreppi. Það fækkar mest í sveitarfélögunum Rangárþingi eystra eða um 36 og Skeiða- og Gnúpsverjahreppi um 22. Nánari upplýsingar um aðrar tölur má finna á vef Þjóðskrár, skra.is. Á meðfylgjandi grafi má sjá fjölda íbúa í sveitarfélögum á Suðurlandi þann 1. janúar 2021. Upplýsingarnar eru birtar með leyfi Þjóðskrár.



Fjögur sveitarfélög á Suðurlandi fá viðbótarframlag vegna fjárhagserfiðleika

Alls fara rúmar 100 milljónir til fjögurra sveitarfélaga á Suðurlandi með sérstöku framlagi frá ríkinu. Mýrdalshreppur fær hæsta framlagið eða 49.187.177 kr. Þar næst kemur Bláskógabyggð með 26.896.166 kr. Rangárþing ytra fær 16.254.313 kr. Hrunamannahreppur fær 8.827.976.



Framlagið veitt vegna áhrifa kórónuveirunnar
Ákveðið var að veita 500 m. kr. framlag til sveitarfélaga sem glíma við mikla fjárhagserfiðleika í kjölfar kórónuveirunnar. Framlagið var unnið í nánú

samstarfi við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Eftirlitsnefndin lagði fram tillögu að aðferðafræði og forsendur til grundvallar við ákvörðun um úthlutun framlagsins. Við úthlutun framlagsins var tekið

tillit til lækkunar útsvarstekna fyrir tímabilið apríl – október á árinu 2020 miðað við fyrra ár. Jafnframt var horft til tiltekinna framlaga Jöfnunarsjóðs sem höfðu lækkað frá upphaflegri áætlun.

SMURSTÖÐ

VERKSTÆÐI

DEKKJAVEKSTÆÐI

Bíla- og Tækjapjónustan

SÍMI: 775-8638

VIÐ GERUM VIÐ ALLT

bilarogt@gmail.com

Pantið tíma í síma 775 8638**Ormsvelli 7, 860 Hvalsavelli**

Hef opnað nýtt verkstæði við Ormsvelli 7**tek að mér viðgerðir, smurþjónustu og dekkjaskipti**

Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

Sveitarfélagið ÁRBORG

Tímabundin staða grunnskólakennara við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri

Vegna forfalla leitar Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri að kennara í tímabundna ráðningu til vors. Í Barnaskólanum eru 140 nemendur í 1. – 10. bekk og kennt er á tveimur starfsstöðvum. Á Stokkseyri eru nemendur í 1. – 6. bekk og á Eyrarbakka eru nemendur í 7.–10. bekk. Skapandi greinar fá mikið vægi í skólastarfinu, gott samstarf er við leikskólana og áhersla er lögð á góða samvinnu við nærsamfélag.

Menntun og færnikröfur:

- Kennsluréttindi
- Góð samskiptahæfni
- Skipulagshæfileikar
- Góð íslenskukunnátta

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launa nefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Allar nánari upplýsingar um skólastarf BES er hægt að nálgast á heimasíðu skólans www.barnaskolinn.is og sveitarfélagsins www.arborg.is. Frekari upplýsingar veitir Páll Sveinsson, skólastjóri, sími 480 3200, netfang pall@barnaskolinn.is. Umsóknarfrestur er til og með 19. janúar 2021. Sækja þarf um stöðuna á ráðningarvef Sveitarfélagsins Árborgar.

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.



S. 482 1944
dfs@dfs.is

BÍLAR

KLETTUR

Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástíllingur



Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA



S: 662-1122

Daglegar ferðir
SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Bann við afhendingu
plastburðarpoka

Um áramótin tóku þær
reglur gildi sem banna
afhendingu plastburðarpoka
í verslunum. Bannið tekur
jafnt til þunnu, glæru græn-
metispokanna og innkaupa-
burðarpokanna, en nær ekki
yfir plastpoka sem eru seldir
í rúllum í hillum verslana.
Til þess að koma í veg fyrir
að einnota neysla færast yfir á
aðra eru einnota burðarpokar
úr öðrum efniviði en plasti
gjaldskyldir.

Plastpokabannið er í sam-
ræmi við Evróputilskipun
sem lýtur að því að draga úr
notkun á plastpokum. Bannið
var einnig meðal þeirra til-
lagna sem samráðsvettvangur
um aðgerðir í plastmálefnum
afhenti Guðmundi Inga Guð-
brandssyni, umhverfis- og
auðlindaráðherra, í loks árs
2018. Í samráðsvettvangnum
áttu sæti m.a. fulltrúar at-
vinnulífsins, sveitarfélaga,
umhverfisverndarsamtaka, fé-
lagasamtaka, opinberra stofna,
Alþingis og ráðuneyta.

Jarðvinna í fullum
gangi við Stekkjaskóla

Jarðvinna við Stekkjaskóla er í fullum gangi. Verkið var fólgið í því að grafa fyrir undirstöðum niður á burðarhæfan botn, losa klöpp/hraun þar sem þarf og fylla undir undirstöður. Þá átti að grafa lagnaskurð að tengipunktum við götu og ganga frá lögnum í honum. Alls var áætlað að grafa um 13.200 rúmmetra af jarðvegi upp úr gurninum. Uppfylling var áætluð um 16 þúsund rúmmetrar af efni. Stefnt var að því að ljúka verkinu um miðjan janúar.

-gpp

Orkumál í deiglunni í Þorlákshöfn

Fyrir bæjarráði Ölfuss lá minnisblað frá Páli Marvin Jónssyni framkvæmdastjóra Ölfus Cluster um afhendingaröryggi raforku í Ölfusi. Í minnisblaðinu kom m.a. fram að svigrúm innan kerfisins sé einungis upp á 10 MW. Þá er stefnt á nýtt tengivirki við Írafoss á árinu

2022 sem þá tryggja fullnægjandi afhendingaröryggi. Þá kemur fram að mikil uppbygging á svæðinu kalli á endurskoðun á framkvæmdaáætlun Landsnets en spáð er 400-500 MW orkubörf ef horft er til lengri tíma. Bæjarráð Ölfuss telur það nauðsynlegt að vinna markvisst að

því að tryggja að takmörkuð flutningsgeta Þorlákshafnarlínu 1 og Selfosslínu 3 verði ekki hamlandi fyrir þá atvinnuuppbyggingu sem fyrirhuguð er á svæðinu. „Minnt er á að í raun er það þó ekki í verkahring sveitarfélagsins að tryggja næga orku eða afhendingaröryggi en eftir sem áður er mikilvægt að sinna þessari brýnu hagsmunagæslu og í senn að halda aðilum eins og Landsneti og Landsvirkjun upplýstum um þau verkefni sem eru að fara af stað og eru orkufrek og/eða krefjast afhendingaröryggis á orku.

Í því samhengi minnir bæjarráð á þann þátt minnisblaðsins þar sem fram kemur að þörfin á afli inn á svæðið má í grófum dráttum segja að sé að lágmarki aukning um 30-40 MW næstu 3 árin og að lengri tíma áætlun þurfi að horfa til þess að þau verkefni sem eru í undirbúningi og vinnslu kalla á 400-500 MW orkubörf. Þetta er mikil breyting frá því sem er nú og ljóst að í langtímaáætlun þarfa að horfa til þess að leggja nýja línu eða jarðstreng inn á svæðið með 132 kV eða jafnvel 220 kV spennu.“



Búið er að draga úr Jólamyndagátu Dagskrárinnar

Dregið hefur verið úr innsendum svörum við jólamyndagátu Dagskrárinnar. Að venju var fjöldi fólks sem tók þátt í gátunni og innsend svör fjölmörg. Það var Eygló Gränz sem gerði gátuna eins og undanfarin 24 ár. Í verðlaun voru vegleg ísveisla frá Kjörís í Hveragerði. Vinningshafar eru sem hér segir:

Myndagáta fyrir fullorðna:
Stefán G. Arngrímsson, Flúðum.

Barnamyndagátan:
Þröstur Óli Grétarsson, Selfoss.



Á myndinni eru bræðurnir Þröstur Óli Grétarsson og Reimar Atli Grétarsson. Þeir voru að vonum ánægðir með vinninginn og sjá fram á að eiga nóg af gómsætum íspinnum frá Kjörís til þess að gæða sér á.

Merkar bækur um Samvinnufélögin á Suðurlandi

Mikið afrek er í höfn þar sem Guðjón Friðriksson hefur ritað Héraðssögu kaupfélaga og annarra samvinnufélaga í sunnlenskum sýslum og Vestmannaeyjum. Guðjón Friðriksson sagnfræðingur er fremstur meðal jafningja og hefur komið að mörgum sagnfræðilegum verkum og skilað af sér ómetanlegum fróðleik. Þar ber að nefna baráttusögu Jóns Sigurðssonar forseta og frelsishefju, Einar Benediktssonar skáldsins og athafnamannsins, Hannesar Hafstein skálds og ráðherra og Jónasar Jónssonar frá Hriflu.

Það var árið 2015 að Jón Ó. Vilhjálmsson formaður KÁ kom til undirritaðs að ræða hugmynd um kvikmyndagerð um samvinnusögu Sunnlendinga sem stjórnin var þá að hugleiða. Ég minnst þess að þá sagði ég við Jón. „Það verður hvorki fugl né fiskur nema sagan sé fyrst skráð í bækur.“ Við gengum svo á fund Guðjóns Friðrikssonar og litlu síðar gerðu samvinnumenn samning við hann um að rita þetta mikla verk. Nú væri auðvelt að kvikmynda samvinnusöguna handritið liggur fyrir. Fjögurra binda verk kom fyrir sjónir Sunnlendinga nú fyrir jóln og segja verður að hér er atvinnusaga Sunnlendinga skráð á hinni miklu athafnaöld sem tuttugasta öldin var. Hjörtur Þórarinnsson segir í aðfararorðum bókanna. „Sagan er yfirgripsmikil og greinargóð og staðfest öruggum heimildum.“

Í bókunum er þó ítarlegast fjallað um sögu allra kaupfélaganna, Kaupfélags Árnesinga, Rangæinga, Vestur-Skaftfellinga og Vestmannaeyja og að auki Kaupfélagsins Þórs á Hellu og Kaupfélagsins Hafnar á Selfossi. Menn úr öllum flokkum voru samvinnumenn og þessi atvinnu- og verslunarsaga varð svo hörð á tímabili að trúaðir menn versluðu við sitt kaupfélag. Framsóknarmenn létu frekar vöruna vanta en fara inn í Höfn eða Kaupfélagið Þór á Hellu og öfugt, en þar réðu sjálfstæðismenn með sinn jarl Ingólf

Jónsson ráðherra og kaupfélagsstjóra og Sigurður Óli Ólafsson alþingismaður í Höfn á Selfossi. Þór og Höfn voru utan við SÍS. Enn eitt íhalds-kaupfélagið enn var Verslunarfélag Vestur-Skaftfellinga í Vík. En fyrir kaupfélagi Árnesinga fór Egill Thorarensen jarlinn af Sigtúnum. Það sem undirrituðum finnst magnaðast er hvernig Guðjóni tekst að setja söguna í svo lifandi form að maður les eins og um spennusögu sé að ræða. Saga Kaupfélaganna t.d. í Vestmannaeyjum er nánast eitt kaupfélag fyrir hvern flokk, þar sem ríkti átök og barátta þar til að loks tókst að sameina þau þegar Guðni B. Guðnason var þar kaupfélagsstjóri. En Guðni bjó lengi hér á Selfossi og var aðstoðarkaupfélagsstjóri KÁ. Guðni lifir enn í hári elli og er faðir þess magnaða sóttvarnalæknis, Þórólfs Guðnasonar.

Það er engin spurning að samvinnan var aðferð og aflið á landsbyggðinni sem sá og sigraði. Þegar búið var að sameina þessi stórveldi öll sem kaupfélögin voru í eitt KÁ komu endalokin, en Guðjón veltir upp þessari spurningu í lokin. „Tveir síðustu framkvæmdastjórar KÁ voru einkaframtaksmenn.“ Var það ástæðan fyrir því að hugsjónin dó? Hitt var líka ljóst að kaupfélögin á Suðurlandi voru ekki í útgerð eða rekstri afurðastöðva bænda. Á Suðurlandi voru Sláturfélag Suðurlands (SS) og Mjólkurbú Flóamanna (MBF) í sérstökum samvinnufélögum og eru það enn og blómstra sem slík. MBF/MS með landið allt undir og SS eitt sterkasta samvinnufélag bænda. Kaupfélag Skagfirðinga sem er eitt best rekna fyrirtæki landsins er bæði til lands og sjávar og þar ríkir enn samvinnuandi og héraðsbarátta enda svæðið nefnt Skagfirska efnahagssvæðið.

Hinn stóri jarl samvinnusögu Sunnlendinga var svo Egill Thorarensen, sá sem kom ungur og ástfanginn og nánast braust inn í Sigtún Daníels kaupmanns til að ná í Kristínu kaupmannsdóttur. Egill

varð umsvifamikill kaupmaður, íhaldsmaður sem söðlaði um og varð kaupfélagsstjóri og framsóknarmaður. Engum manni líkur, sennilega mjög auðvelt bæði að dá hann og hata. Í allri framgöngu djarfur og má ætla að framganga hans hafi verið svona eins og Kára Stefánssonar í samtímanum. Egill tók alltaf slaginn með gleði eða af hörku. Hugsá sér glímuna við séra Gunnar Benediktsson sem gagnrýndi Egil og kaupfélagið harkalega og vildi svo ganga í kaupfélagið. Egill tók það ekki í mál og séra Gunnar kærði málið og var dæmdur inn í KÁ, eini maðurinn sem hefur verið dæmdur inn í kaupfélag. Eða þegar Ölfusárbrúin féll og tveir mjólkurbílar fóru í fljótið en mannbjörg varð, sagði Egill: „Skítt með brúna, góðu fréttirnar eru þær að nú fáum við nýja brú.“ Egill sameinaði Árnesinga og Rangæinga um hafnargerð og útgerð í Þorlákshöfn sem var afrek. Hann hélt slíkar dýrðarveislur með mat og brennivíni í Þorlákshöfn að séra Helgi í Hveragerði kvað þessa vísu: Hér er margur sáll í sinni/sveitarígur burtu fer./Þjósá verður minni og minni,/því meira sem drukkið er. Ætli Elliði Vignisson hefji svona veislur í Þorlákshöfn til vegs og virðingar höfninni og í minningu Egils?

Í bókinni birtir Guðjón palladóm þess fræga Stokkseyrings Helga Sæm. að Agli látum. En þar segir Helgi m.a. „Skapgerð hans var ofin úr mörgum og ólíkum þáttum, harka og mýkt, alvara og glettnei og allt í óvenjulega ríku mæli. Egill var andstæðingum og keppinautum óhlífinn í stórmannlegri baráttu fyrir málefnum sínum, horfði yfir Suðurland eins og örn af gnæfandi fjallsbrún og leið engum að hindra fyrirætlanir sínar.“ Undir lokin segir Helgi: „Loks ber að muna þegar þessi mannsmynd er skoðuð, að Egill í Sigtúnum gekk sjaldnast heill til skógar. Hann lá að jafnaði tvær eða þrjár banalegur á ári. Egill bognaði aldrei en brotnaði

í bylnum stóra seinast.“ Enda á Jón Hjaltafín lækni að hafa sagt við Egil: „Egill þú hefur snúðað dauðann um tuttugu ár! Þú áttir að fara fyrir tuttugu árum.“

Egill var kominn með það sem gerði Kaupfélag Skagfirðinga að stórveldi. Hann reisti Meitilinn í Þorlákshöfn sem KÁ gerði út og vertíðarbatarnir hétu Jónas frá Hriflu, Hermann Jónasson og Ágúst í Birtingaholti í höfuðið á hinum pólitísku foringjum. Hann sigldi með varninginn heim, fyrst um Eyrarbakka og síðar Þorlákshöfn, með Bláflögin. MBF varð að fá Egil í Mjólkurbúð og Gísli Jónsson á Stóru-Reykjum lét Jónson sinn leiða hana Húfu niðrá Selfoss til Egils og þar með var hann orðinn kúabóndi og varð formaður MBF til dauðadags og eins og segir í bókinni rak þessi systurfélög saman KÁ og MBF. Egill Thorarensen fylgdi eftir og gerði Flóaa-veituna að ævintýri Sunnlendinga. Hann lagði grunninn að stofnun Kaupfélags Árnesinga með frænda sínum Helga Ágústsyni frá Birtingaholti, þeir ákváðu að hinn mikli forystumaður Ágúst í Birtingaholti yrði formaðurinn og völdu garpa með honum í stjórnina. Svo tók Egill hið unga Mjólkurbú Flóamanna í hina hendina og ruddi brautir til framtíðarinnar. Egill er guðfaðir Selfoss og Þorlákshafnar. Jarlinn hafði plóginn í annarri hendinni og sverðið í hinni og fylgdi eftir hugsjónum Jónasar frá Hriflu. Eg spyr, af hverju kom Egill ekki í bernsku Selfoss? Hann var örminn sem af fjallsbrúninni sá þetta allt fyrir sér og taldi eins og kóngurinn að Suðurland væri stórt konungsríki. Gömlu samvinnumennirnir sögðu gjarnan þegar þeir söguðu neftóbakið upp í nösina: „Já, Egill tók við þar sem guð almáttugur lauk sínu sköpunarverki.“

Bækur Guðjóns Friðrikssonar eru afbragð og eiga að fá sess og sæti á hverju heimili á Suðurlandi.

Guðni Ágústsson



Innanbæjarstrætó Árborgar fjölgar ferðum - Frítt fyrir alla aldurshópa



Unnið er að því að uppfæra tímatöflur víðsvegar um sveitarfélagið með nýjum tímatöflum. Mynd: -gpp.

Á nýju ári verða breytingar á akstri Árborgarstrætó þegar sunnudagar bætast við akstursáætlunina, ferðum fjölga milli þéttbýliskjarna og frítt verður fyrir alla í ferðir innan Árborgar. Á sama tíma tekur Guðmundur Tyrtingsson ehf. við akstrinum innan Árborgar af Strætó bs. Við hittum Helga S. Haraldsson, formann bæjarstjórnar og ræddum við hann um verkefnið.

Hættu í samfloti með ríkinu og buðu út sjálfir

„Upphaflega var þetta þannig að sveitarfélagið keypti sig inn í samninga milli SASS og Strætó bs. og bætti við ferðum milli Stokkseyrar, Eyrarbakka og búgarðabyggðarinnar. Sá samningur leið svo undir lok þegar Vegagerðin tók við boltanum. Í kjölfarið ákváðum við að halda ekki áfram í þessari samvinnu og efna til útboðs. Við buðum út allan akstur fyrir sveitarfélagið, þar

með talið þennan hluta sem nú nefnist Árborgarstrætó og rekum nú eigið strætó kerfi. Það er fyrirtækið Guðmundur Tyrtingsson sem átti besta tilboðið og ánægjulegt að það hafi verið heima fyrirtækið sem átti lægsta boð,“ segir Helgi.

Breytingar á þjónustunni einfaldari en áður

Með stuttum boðleiðum er auðveldara að breyta áætlunum bílanna og aðlaga kerfið þannig að það nýtist sem flestum. Fram kemur í máli Helga að nú verði verkefnið keyrt af stað og það sé mikilvægt að íbúar láti í sér heyra með hvað betur megi fara varðandi áætlanir og fleira. Það skipti lykilmáli að bílarnir séu eins vel nýttir og kostur er. „Kerfið mun aldrei geta nýst öllum en vonir standa til að hægt verði að stilla það þannig af að það nýtist sem flestum á þeim tímum þegar þörf er fyrir það,“ segir Helgi. Við spyrjum um hvort satt reynist að það sé frítt

fyrir alla aldurshópa segir Helgi. „Það er ákveðinn kostnaður að vera með miðakerfi, halda utan um það og sjá um að það virki allt saman. Það var því tekin ákvörðun um að hafa þetta bara frítt fyrir alla og sleppa því að vera með flókið kerfi í kringum aksturinn.“

Aksturinn hefur verið skipulagður upp á nýtt

Eftir að sveitarfélagið tók aksturinn til sín hafa ferðirnar verið skipulagðar upp á nýtt og ferðum bætt við á sunnudögum að auki. Þegar litið er yfir tímatöfluna er ljóst að ferðirnar eru margar og allir ættu að finna sér ferð sem hentar þeirra dagskrá. „Á heimasíðu Sveitarfélagsins má sjá strætóferðirnar eins og þær eru nú. Þá er verið að breyta skiltum víðsvegar um bæinn og uppfæra merkingarnar með breyttum tímasetningum.“ Þess ber að geta að kerfið tengist við akstur Strætó bs. sem mun eftir sem áður sinna skólaakstri fyrir FSu og akstri milli sveitarfélaga eins og Hveragerðis eða Hvolsvallar sem dæmi. Aðeins er um að ræða breytingar á akstri innan sveitarfélagsins Árborgar. -gpp



Nýtt merki Árborgarstrætó.

D-H
BÓKHALD

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaraðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC (viðskiptafræði)
dhhbokhald@gmail.com
s. 6933708

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstaði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert
kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

HREINGERNINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Fneint um allt Suðurland

Tæknipjónusta
Suðurlands ehf.
Selfossi

Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkarfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson
sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson
sími 779 6777

Rétting
og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

TYLGD
Útfararþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfr F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.tylgd.is • tylgd@fylgd.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

BRACAF
VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta
Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

HM

Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Hafðu samband
Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

Jiibbii
Siggaferðir

- Flutningapjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími